ÞINGMÁLASKRÁ

158. löggjafarþing 2026–2027

RÍKISSTJÓRN

SAMFYLKINGAR,
VIÐREISNAR OG
FLOKKS FÓLKSINS

SEPTEMBER 2026

Þingmálaskrá 158. löggjafarþings 2026–2027

Samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, skal fylgja eftirriti stefnuræðu forsætisráðherra við upphaf þings yfirlit um þau mál sem ríkisstjórn hyggst leggja fram á þinginu ásamt áætlun um hvenær þeim verður útbýtt. Yfirlit fyrir 158. löggjafarþing fer hér á eftir. Fram kemur hvenær ætlunin er að leggja mál fram. Flutt kunna að verða fleiri mál en getið er og atvik geta hindrað flutning einstakra mála. Í samræmi við 2. mgr. 47. gr. laganna mun ríkisstjórnin jafnframt við upphaf vetrarþings, að loknu jólahléi, afhenda forseta Alþingis endurskoðaða áætlun um framlagningu stjórnarfrumvarpa á vetrar- og vorþingi ásamt áætluðum útbýtingardegi.

Efnisyfirlit

FORSÆTISRÁÐHERRA 5
ATVINNUVEGARÁÐHERRA 6
DÓMSMÁLARÁÐHERRA 10
FÉLAGS- OG HÚSNÆÐISMÁLARÁÐHERRA 13
FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA 15
HEILBRIGÐISRÁÐHERRA 19
INNVIÐARÁÐHERRA 21
MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA 21
MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA 26
UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA 28
UTANRÍKISRÁÐHERRA 32

FORSÆTISRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á stjórnsýslulögum, nr. 37/1993 (ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins).**
   Með frumvarpi þessu er lagt til að bætt verði við stjórnsýslulög, nr. 37/1993, ákvæði þess efnis að þær sjálfstæðu stjórnsýslunefndir sem fást við úrlausn stjórnsýslukæra geti leitað ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins, eins og lög nr. 21/1994 mæla fyrir um að dómstólar geti gert. Lagt er til að ákvæðið verði hluti af VII. kafla stjórnsýslulaga, sem inniheldur almennar reglur um stjórnsýslukærur og málsmeðferð í kærumálum. *Endurflutt.* **September.**

2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Hagstofu Íslands og opinbera hagskýrslugerð, nr. 163/2007 (brottfall sjálfstæðrar rannsóknareiningar).**
   Með frumvarpinu er lagt til að afnema skyldu Hagstofunnar til að starfrækja sjálfstæða rannsóknareiningu sem m.a. semur þjóðhagsspár. Áætlanir stjórnvalda í opinberum fjármálum byggðu áður á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Frá og með árinu 2026 byggja áætlanir í opinberum fjármálum hins vegar á þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands. Með því að losa Hagstofuna undan skyldu til að starfrækja sjálfstæða rannsóknareiningu er komið í veg fyrir tvíverknað hjá hinu opinbera. **September**.

3. **Frumvarp til laga um almennar sanngirnisbætur.**
   Með frumvarpinu er stefnt að því að gefa þeim sem hafa sem börn sætt óforsvaranlegri meðferð, sem er beint eða óbeint á ábyrgð hins opinbera, kost á að sækja um sanngirnisbætur. Við útfærsluna verður þess að gætt að kostnaður ríkisins af slíku bótakerfi sé fyrirsjáanlegur. **Nóvember.**

4. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum (einföldun regluverks).**
   Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar á ýmsum lögum í því skyni að einfalda og samræma reglur sem hafa áhrif á stjórnsýslubyrði fyrirtækja og einstaklinga. Markmið frumvarpsins er að draga úr óþarfa flækjustigi, bæta fyrirsjáanleika og tryggja að reglur séu skýrar, málefnalegar og í samræmi við markmið um einföldun regluverks. Við undirbúning frumvarpsins verður m.a. horft til þess hvort auka megi skilvirkni framkvæmdar, ósamræmi sé milli málaflokka eða gengið sé lengra en nauðsynlegt sé til að markmið laga náist, þar á meðal við innleiðingu EES-reglna. **Janúar.**

5. **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd ályktana Alþingis frá árinu 2025.**
   Árleg skýrsla. **Október.**

6. **Skýrsla forsætisráðherra um framkvæmd upplýsingalaga.**
   Árleg skýrsla. **Maí.**

7. **Skýrsla forsætisráðherra um ráðstöfun lands og landsréttinda innan þjóðlendna og tekna af gjöldum fyrir slík réttindi.**
   Árleg skýrsla. **Maí.**

ATVINNUVEGARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006 (stærðarhlutföll, endurskoðunarmörk, skilafrestur o.fl.).**
   Frumvarpið felur í sér innleiðingu á breytingum á ársreikningatilskipun ESB varðandi stærðarmörk félaga o.fl. Stærðarmörk félaga í lögum um ársreikninga eru þau sömu innan EES og er með frumvarpinu verið að hækka þau til samræmis við nýlegar breytingar innan ESB. *Innleiðing. Endurflutt.* **September.**

2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (EES-innleiðing).**
   Frumvarpið felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/828 frá 17. maí 2017 um breytingu á tilskipun 2007/36/EB að því er varðar hvatningu til þátttöku hluthafa til lengri tíma (SRD II). *Innleiðing. Endurflutt.* **September.**

3. **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum og búnaðarlögum (framlenging búvörusamninga).**
   Með frumvarpinu er lögð til framlenging á gildandi búvörusamningum til ársloka 2027. Núgildandi búvörusamningar milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands (BÍ), þ.e. rammasamningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðar, samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar og samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, voru gerðir árið 2016. Þar er mælt fyrir um að samningarnir gildi til 10 ára. Samningarnir hafa verið endurskoðaðir nokkrum sinnum síðan þeir öðluðust gildi en síðasta endurskoðun fór fram á árinu 2023. Ekki voru gerðar veigamiklar breytingar á búvörusamningum á þeim tíma, þar sem samningsaðilar voru sammála um að hefja strax samtal um starfsumhverfi landbúnaðar til framtíðar. Undirbúningur fyrir samtal stjórnvalda og BÍ hefur staðið yfir um nokkurt skeið og á árinu 2023 voru tvær þingsályktanir er varða landbúnað til framtíðar samþykktar á Alþingi, annars vegar matvælastefna til ársins 2040 og hins vegar landbúnaðarstefna til ársins 2040. Síðustu misseri hafa stjórnvöld átt í samtali við BÍ um starfsumhverfi landbúnaðar en fyrir liggur að meiri tíma þarf fyrir það samtal og er því tilefni þessa frumvarps að framlengja núgildandi búvörusamninga til ársloka 2027. **September**.

4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendasamninga, nr. 16/2016 (nútímavæðing).**
   Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2161 (tilskipun um nútímavæðingu) voru gerðar breytingar á tilskipun 2011/83/ESB. Tilskipun 2011/83/ESB var innleidd í íslenskan rétt með lögum um neytendasamninga, nr. 16/2016. Með frumvarpinu verða gerðar breytingar á ákvæðum laganna í samræmi við tilskipunina um nútímavæðingu. Helstu breytingar sem tilskipunin hefur í för með sér eru að uppfæra og víkka gildissvið tilskipunarinnar, nánari umfjöllun er um sektarákvæði, ný ákvæði er varðar samninga sem gerðir eru á netmörkuðum, ný hugtök skilgreind o.fl. Þessar breytingar eru í framhaldi af samsvarandi breytingum sem gerðar voru með frumvarpi til nýrra markaðssetningarlaga sem afgreitt var á vorþingi 2026 og hluti af réttarúrbótum á sviði neytendamála. Frumvarpið er í samræmi við aðgerðaráætlun þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til 2030. *Innleiðing.* **Október.**

5. **Frumvarp til laga um markaðseftirlit.**
   Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1020 um markaðseftirlit og samræmi vara við kröfur og um breytingu á tilskipun 2004/42/EB og reglugerðum (EB) nr. 765/2008 og (ESB) nr. 305/2011, sem tekin var upp í EES-samninginn í desember 2023. Í þessu skyni er stefnt að setningu nýrra heildarlaga um markaðseftirlit, auk þess sem innleiðingin kallar á breytingar á lögum um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Innleiðing markaðseftirlitsgerðarinnar hefur jákvæð samfélagsleg áhrif, með því að stuðla að auknu öryggi vara á markaði og aukinni neytendavernd m.a. varðandi vörur sem keyptar eru yfir netið. Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun hefur almennt markaðseftirlit með höndum og verður miðlæg tengiskrifstofa („single liaison office“) í skilningi reglugerðar (ESB) 2019/1020. Sem stendur koma almennar reglur um vöruöryggi og markaðseftirlit fram í einni löggjöf hér á landi, þ.e. í lögum um

öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, nr. 134/1995. Áformað er að aðskilja þessa þætti löggjafarinnar þannig að sett verði ný heildarlög um markaðseftirlit, sem innleiði markaðseftirlitsreglugerð ESB, og gera breytingar á lögum nr. 134/1995, sem áfram fjalli um vöruöryggi. Er það gert til einföldunar og til að auka skýrleika laganna. Frumvarpið er í samræmi við aðgerðaráætlun þingsályktunar um stefnu í neytendamálum til 2030. *Innleiðing*. **Október.**

6. **Frumvarp til laga um náttúru- og innviðagjald.**
Með frumvarpinu eru lögð til ný heildarlög um náttúru- og innviðagjald sem mæla fyrir um skýra lagaumgjörð um auðlindagjald fyrir aðgang ferðamanna að náttúruperlum landsins. Á undanförnum árum hefur fjölgun ferðamanna haft veruleg áhrif á náttúru og innviði landsins og aukið þörf fyrir samræmda og sjálfbæra fjármögnun þeirra verkefna sem lúta að vernd, aðgengi, uppbyggingu og þjónustu á fjölsóttum ferðamannastöðum. Jafnframt hefur aukin umferð ferðamanna kallað á frekari uppbyggingu og viðhald innviða um land allt. Frumvarpið byggir á þeirri meginforsendu að sanngjörn þátttaka ferðamanna í þeim kostnaði sem hlýst af nýtingu þessara almannagæða stuðli að sjálfbærri þróun ferðaþjónustu og vernd náttúru Íslands til framtíðar. Með þessu er leitast við að skapa sanngjarnt, sjálfbært og skilvirkt kerfi þar sem þeir sem nýta náttúru og ferðaþjónustuinnviði taka þátt í að fjármagna uppbyggingu, viðhald og vernd til framtíðar. **Október.**

7. **Frumvarp til laga um stórþörungarækt í sjó.**
Setja þarf heildstæðan lagaramma um ræktun stórþörunga í sjó í því skyni að skapa skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar atvinnugreinarinnar, með sjálfbæra nýtingu haf- og strandsvæða, vistkerfisnálgun og varúðarsjónarmið að leiðarljósi. Stórþörungarækt er enn á frumstigi hér á landi. Þegar atvinnugrein er lítil og starfsemin afmörkuð getur almenn löggjöf í mörgum tilvikum verið nægjanleg. Eftir því sem áhugi, rannsóknir og fjárfestingar aukast, og starfsemi getur orðið umfangsmeiri, eykst hins vegar þörfin fyrir skýran og fyrirsjáanlegan lagaramma. Slíkur rammi er nauðsynlegur bæði fyrir stjórnvöld og þá aðila sem vilja byggja upp starfsemi á þessu sviði. Úrlausnarefnið felst einkum í að skýra hvernig aðgangi að hafsvæðum verði háttað, hvaða leyfi séu nauðsynleg, hvaða stjórnvöld fari með leyfisveitingar og eftirlit og hvernig samræma skuli stórþörungarækt við aðra nýtingu haf- og strandsvæða. Jafnframt þarf að móta reglur um rannsóknarleyfi, rekstrarleyfi, gildistíma leyfa, endurnýjun, nýtingarskyldu, afturköllun og úthlutun svæða, einkum ef fleiri en einn aðili hefur áhuga á sama ræktunarsvæði. **Október.**

8. **Frumvarp til laga um hafeldi.**
Núverandi löggjöf um fiskeldi er nær einvörðungu sniðin að fiskeldi með hefðbundnum hætti sem fer fram í opnum sjókvíum. Sníða þarf því löggjöf um hafeldi sem er eldi á svæðum sem er hvort tveggja í senn utan svæða skv. 6. gr. núgildandi laga um fiskeldi, nr. 71/2008, og viðmiðunarlínu skv. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Mikil tækifæri eru fólgin í hafeldi og setja þarf skýra umgjörð um starfsemina þannig að hægt sé að stunda rannsóknir sem kunna seinna meir að skapa forsendur fyrir almennum leyfisveitingum. Verði frumvarpið að lögum, þá hefur verið stigið mikilvægt skref sem gerir hagaðilum og stjórnvöldum mögulegt að hefja grunnrannsóknir með viðeigandi lagaheimildum. Án slíkra grunnrannsókna verður ekki unnt að greina stöðu og tækifæri sem kunna að vera til staðar í hafeldi á íslensku landgrunni. Í skýrslu Boston Consulting frá 2023 segir þannig að með vilja stjórnvalda, auknum rannsóknum, tækniframförum og áhuga fjárfesta geti hafeldi orðið að öflugri grein innan lagareldis á Íslandi og stuðlað að vexti þess. Í skýrslunni er enn fremur bent á að margt bendi til þess að við Ísland sé að finna hentug svæði fyrir hafeldi en þörf sé á ítarlegri og heildstæðri greiningu til að sannreyna þessar niðurstöður, með sérstakri áherslu á umhverfisáhrif. **Október.**

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla (endurskoðun).**
Markmið frumvarpsins er að skýra reglur um VS-aflaheimildir og veiðiskyldu, heimila Verkefnasjóði sjávarútvegsins að styrkja sjóbjörgunarsveitir og stuðla að því að sjávarafli verði í auknum mæli unninn á Íslandi. Eins er markmið að stuðla að auknu gagnsæi í sjávarútvegi, svo og bæta úr vanköntum á framkvæmd ákvæða gildandi laga um hámarksaflahlutdeild sem bent hefur verið á í opinberum skýrslum í gegnum tíðina. **Nóvember.**

10. **Frumvarp til laga um bókhald.**
Með framförum í tæknimálum hefur umhverfi bókhalds tekið stakkaskiptum frá því lög um bókhald, nr. 145/1994, voru lögfest. Færsla bókhalds hefur færst frá bókhaldsbókum á pappír inn í hinn rafræna heim. Með hliðsjón af því er nauðsynlegt að gera breytingar á lögunum þannig að þau endurspegli betur þann veruleika sem er til staðar í dag þegar kemur að færslu bókhalds og þörfum atvinnulífs. Um er að ræða heildarendurskoðun laganna með áherslu á rafrænt bókhald, skilvirkni og einföldun fyrir minni félög. Skilgreiningakafli laganna er endurbættur, hugtök skýrð og lagatextinn uppfærður í ljósi tæknibreytinga og þróunar síðustu ára. Starfshópur hefur verið að störfum undanfarin ár við gerð frumvarpsins og haft hefur verið samráð við atvinnulífið og haghafa í þeirri vinnu. **Nóvember.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 44/2005 (veltumörk, samrunagjald o.fl.).**
Með frumvarpinu er ætlunin að endurskoða fjárhæðir í samkeppnislögum, annars vegar veltumörk tilkynningarskyldra samruna og hins vegar samrunagjöld. Við endurskoðunina verður tekið tillit til verðlagsþróunar sl. 5-6 ár, frá því fjárhæðirnar voru síðast endurskoðaðar, sem og til ábendinga í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluúttekt á Samkeppniseftirlitinu frá 2022. Einnig verða málsmeðferðarreglur samrunamála skoðaðar að því er varðar tímafresti og áhrif vankanta í upplýsingagjöf. Þá verða heimildir Samkeppniseftirlitsins til húsleitar skoðaðar, m.a. með hliðsjón af heimildum samkeppnisyfirvalda í nágrannaríkjunum og þeim heimildum til húsleitar sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur hér á landi. **Nóvember.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra, nr. 55/2013 (endurskoðun).**
Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á lögum um velferð dýra. Í nóvember 2023 birti Ríkisendurskoðun skýrslu til Alþingis vegna stjórnsýsluúttektar stofnunarinnar á eftirliti Matvælastofnunar með velferð búfjár. Í skýrslunni er ítarleg umfjöllun um umfang og framkvæmd eftirlits og var tilgangur úttektarinnar að kanna hvort eftirlitið væri skilvirkt og árangursríkt og hvort það væri í samræmi við lög og reglugerðir um velferð dýra. Í skýrslunni koma fram ábendingar ríkisendurskoðanda er snúa annars vegar að Matvælastofnun og hins vegar matvælaráðuneytinu (nú atvinnuvegaráðuneytinu). Þá hefur dýravelferð verið mikið til umræðu undanfarin misseri og ljóst er að þörf er á endurskoðun ýmissa ákvæða laga um velferð dýra, nr. 55/2013. **Nóvember.**

13. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ferðamálastofu, nr. 96/2018 (endurskoðun).**
Ferðaþjónusta hefur á undanförnum árum vaxið hratt og er nú stærsta útflutningsgrein landsins. Aukið vægi atvinnugreinarinnar kallar á reglubundna endurskoðun stjórnsýslu málaflokksins til að tryggja að lagaumgjörð og stjórnsýsla styðji við markmið um skilvirkni, öryggi og sjálfbæra þróun greinarinnar. Samkvæmt núgildandi lögum um Ferðamálastofu, nr. 96/2018, eru verkefni stofnunarinnar víðtæk og hlutverk hennar á ýmsum sviðum ekki nægilega skýrt. Reynslan hefur sýnt að gildandi lagaumgjörð dugar ekki að fullu til að tryggja skýra verkaskiptingu, samræmt eftirlit og skilvirka framkvæmd verkefna. Í frumvarpinu verður litið til þeirra tillagna til umbóta sem Efnahags-og framfarastofnun (OECD) kom með á starfsumhverfi ferðaþjónustunnar. Þá hefur aukið umfang og mikilvægi ferðaþjónustu skapað þörf fyrir skýrari heimildir og ábyrgð varðandi öryggi ferðamanna, söfnun og miðlun upplýsinga um atvinnugreinina og samhæfingu stjórnsýslu. Nauðsynlegt er að endurskoða gildandi lög með það að markmiði að skýra hlutverk Ferðamálastofu, efla skilvirkni og samræmi í stjórnsýslu málaflokksins. Samhliða breytingunum verður lagt fram frumvarp til laga um Flugþróunarsjóð. Sjóðurinn var stofnaður árið 2015 og hefur það að markmiði að styðja við uppbyggingu nýrra flugleiða til Íslands með að koma á reglulegu millilandaflugi um alþjóðaflugvellina Akureyri og Egilsstaði. Sjóðurinn hefur hingað til starfað samkvæmt starfsreglum sem stjórn sjóðsins setur og ráðherra staðfestir. Árið 2025 fékk Flugþróunarsjóður sérstakt fjárlaganúmer, en æskilegt er að festa starfsemi sjóðsins í lög, skilgreina hlutverk hans og markmið, og mæla nánar fyrir um stjórnsýslulega umgjörð hans og ráðstöfun fjármuna. **Febrúar**.

14. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hvalveiðar, nr. 26/1949 (endurskoðun).**
Með frumvarpinu er lögð til heildarendurskoðun á lögum um hvalveiðar. Núgildandi lög um hvalveiðar eru frá árinu 1949 og hafa lítið breyst frá setningu þeirra. Við gerð frumvarpsins verður byggt á skýrslu starfshóps um stjórnsýslu og lagaumgjörð hvalveiða frá 2025. Sérstaklega verður litið til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram um bann við hvalveiðum til frambúðar og þeirra stjórnskipulegu álitaefna sem huga þarf að í því sambandi, meðal annars með tilliti til atvinnufrelsis og eignarréttar. **Febrúar**.

15. **Frumvarp til laga um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993 (nýtt starfsumhverfi í landbúnaði).**
Núgildandi búvörusamningar milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands (BÍ), þ.e. ramma-samningur um almenn starfsskilyrði landbúnaðar, samningur um starfsskilyrði sauðfjárræktar, samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar og samningur um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, voru gerðir árið 2016. Samningarnir hafa verið endurskoðaðir nokkrum sinnum síðan þeir öðluðust gildi en síðasta endurskoðun fór fram á árinu 2023. **Febrúar.**

16. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar stofnana og verkefna á sviði viðskipta, samkeppnis- og neytendamála.**
Í samræmi við áherslur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, um sterkt samkeppniseftirlit, öfluga neytendavernd, hagstæð rekstrarskilyrði fyrirtækja, aukna skilvirkni í samskiptum fyrirtækja og hins opinbera og einföldun stjórnsýslu, er unnið að sameiningu stofnana og verkefna á sviði viðskiptalífs í nýja sameinaða stofnun. **Febrúar.**

17. **Frumvarp til laga um rafrænar skuldaviðurkenningar.**
Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um rafrænar skuldaviðurkenningar, nýtt lánaform sem ætlað er að veita sambærilegt réttarfarslegt hagræði og skuldabréf, en samræmast betur rafrænni lánaumsýslu og þinglýsingu. Málið er hluti af eflingu á stafrænni þjónustu hins opinbera. **Febrúar.**

18. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (millilandasamrunar, notkun stafrænna ferla o.fl.)**
Frumvarpið mælir fyrir um innleiðingu á tilskipun 2019/2121 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132, að því er varðar breytingar, samruna og skiptingar yfir landamæri. Frumvarpið felur jafnframt í sér innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1151 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132, að því er varðar notkun stafrænna tækja og ferla í félagarétti. Frumvarpið snýr að verkefnum skráasviðs Skattsins, aukinni stafvæðingu, einföldun og skilvirkni. *Innleiðing.* **Febrúar.**

19. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur og endurskoðun (sjálfbærni reikningsskila).**
Frumvarpið snýr að breytingum á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, og lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, vegna innleiðingar á tilskipun (ESB) 2022/2464 um upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærni reikningsskila (svo kölluð CSRD tilskipun). *Innleiðing.* **Febrúar.**

DÓMSMÁLARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð sakamála og lögreglulögum (aðgerðir gegn skipulagðri brotastarfsemi).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögunum til að efla refsivernd vegna brota sem tengjast skipulagðri brotastarfsemi, efla heimildir til að leggja hald á og gera upptæk verðmæti sem eru ávinningur brota, auka skilvirkni og tryggja gæði sakamálarannsókna og styrkja starf lögreglu á sviði afbrotavarna. **September.**

2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (tímabundin vernd vegna fjöldaflótta o.fl.).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 44. gr. laga um útlendinga sem fjallar um sameiginlega vernd á grundvelli fjöldaflótta, til samræmis við löggjöf Evrópusambandsins og löggjöf í Noregi. Einnig eru lagðar til breytingar á 9. gr. laganna um flóttamannanefnd í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að færa ábyrgðarsvið nefndarinnar frá félags- og húsnæðismálaráðherra til dómsmálaráðherra. Þá eru lagðar til breytingar á 17. gr. laganna um miðlun persónuupplýsinga til að tryggja lagaheimild til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga frá lögreglu til stjórnvalda útlendingamála. *Endurflutt*. **September**.

3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vegabréf, nr. 136/1998 (útgáfa persónuskilríkja).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um vegabréf til að ná betra samræmi við lög um nafnskírteini, nr. 55/2023. Mikilvægt er að fullt samræmi sé á milli þeirra laga sem varða útgáfu persónuskilríkja hér á landi, þ.e. vegabréfa og nafnskírteina. Þykir því tímabært að leggja til nokkrar breytingar á vegabréfalögum með það fyrir augum að slíkt samræmi náist. **September.**

4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016 (staðsetning Landsréttar).**
   Með frumvarpinu er lagt til að Landsréttur geti áfram haft aðsetur utan Reykjavíkur. Landsréttur hefur um árabil verið staðsettur í Kópavogi á grundvelli ákvæðis til bráðabirgða í lögum um dómstóla. Sú heimild rennur út 1. janúar 2027. **September.**

5. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar sýslumannsembætta.**
   Með frumvarpinu er brugðist við breyttu skipulagi sýslumannsembætta sem tekur gildi 1. janúar 2027. Skipulagsbreytingin felst í sameiningu núverandi níu sýslumannsembætta í eitt embætti, sem kallar á misumfangsmiklar breytingar á 93 lagabálkum þar sem fjallað er um sýslumenn og verkefni þeirra. Veigamestu breytingarnar lúta að umdæmamörkum sýslumanna og tengingu þeirra við umdæmi héraðsdómstóla, sérverkefnum einstakra embætta og hæfisskilyrðum fyrir framkvæmd tiltekinna embættisverka. **Október.**

6. **Frumvarp til laga um almannavarnir.**
   Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um almannavarnir sem koma í stað gildandi laga um almannavarnir, nr. 82/2008. Eitt meginmarkmið þess er að auka vægi fyrirbyggjandi aðgerða í þeim tilgangi að efla viðbúnað og áfallaþol í samfélaginu. Samhliða breyttri heimsmynd og aukinni spennu í alþjóðamálum hefur áhersla ríkja á áfallaþol aukist verulega. Grunnur að góðu almannavarnakerfi er áfallaþolið samfélag þar sem öll svið samfélagsins eru í stakk búin til að takast á við fjölbreyttar áskoranir með samhæfðum hætti. Heildarendurskoðun laganna er þannig þáttur í því að efla öryggi og viðbúnað þjóðarinnar. Þá er markmið frumvarpsins að skyldur og ábyrgð allra sem vinna að almannavörnum, þ.m.t. sveitarfélaga og viðbragðsaðila, verði gerðar skýrari hvort sem um er að ræða fyrirbyggjandi aðgerðir, aðgerðir sem gripið er til á hættustundu eða við endurreisn. Í frumvarpinu er endurreisn einnig gefið aukið vægi með það að markmiði að endurspegla mikilvægi þess í heildarskipulagi almannavarna. *Endurflutt*. **Október.**

7. **Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (refsirammi vegna vændiskaupa).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á refsiramma 1. og 2. mgr. 206 gr. almennra hegningarlaga. Markmið breytinganna er að draga úr eftirspurn eftir vændi þar sem vændiskaup varða nú sektum í framkvæmd nema um ítrekuð brot sé að ræða. **Október.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (viðmiðunarfjárhæðir bóta).**
   Með breytingunni er veitt heimild til að setja viðmiðunarfjárhæðir bóta sem taka mið af dómaframkvæmd sem ríkislögmanni verður ætlað að líta til við meðferð bótakrafna hjá embættinu. Jafnframt verður felld niður skylda til veitingar gjafsóknar í máli sem höfðað er gegn ríkinu til greiðslu bóta. **Október**.

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (dvalarleyfi).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á köflum útlendingalaga sem varða dvalarleyfi til samræmingar við löggjöf annars staðar á Norðurlöndum. Meðal breytinga eru heimild til að meta áhættu vegna ákveðinna dvalarleyfisflokka, en í því felst m.a. að lagt verði mat á hvort umsækjandi sé líklegur til að fara að nýju til heimaríkis að loknum gildistíma dvalarleyfis hér landi. Þá er meðal breytinga heimild til að krefjast auðkenningar umsækjenda í heimaríki áður en dvalarleyfi er veitt, breytingar á reglum um fjölskyldusameiningar, breytingar á dvalarleyfum um vistráðningar (au pair), breytingar á dvalarleyfum sem snúa að þolendum mansals, heimild til veitingar dvalarleyfa til þolenda alvarlegra vinnumarkaðsbrota, afnám sjálfkrafa frestunar réttaráhrifa við brottvísun EES-borgara og breytingar er varða varðveislu lífkenna í tengslum við útgáfu dvalarleyfa. **Október**.

10. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008 (skipun vararíkissaksóknara og varahéraðssaksóknara).**
    Með frumvarpinu er lagt til að gerð verði breyting á skipun í embætti vararíkissaksóknara og varahéraðssaksóknara. **Október.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum og fleiri lögum (skipulagsbreytingar hjá lögreglu).**
    Með frumvarpinu eru lagðar til skipulagsbreytingar á lögregluembættum landsins, sem þjóna þeim meginmarkmiðum að efla löggæslu og ná fram umbótum og aukinni skilvirkni í löggæslu þannig að embættin geti betur sinnt lögbundnum skyldum sínum. Áformin miða að því að fækka embættum úr níu í fjögur til fimm, auka skilvirkni og faglega samlegð í störfum og bæta samvinnu og samræmingu milli embætta. **Nóvember.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um öryggisþjónustu, nr. 58/1997 (skilyrði, eftirlit o.fl.).**
    Með frumvarpinu verða m.a. lagðar til breytingar á skilyrðum fyrir leyfisveitingum, eftirliti með leyfishöfum, afturköllun leyfa og viðurlögum, hæfnisskilyrðum, menntun, þjálfun og verksviði öryggisvarða/dyravarða og heimildum lögreglu. Markmið frumvarpsins er að stuðla að auknu öryggi almennings og einfalda stjórnsýslu málaflokksins. **Janúar.**

13. **Frumvarp til öryggislaga.**
    Með frumvarpinu eru lögð til ný heildstæð öryggislög sem fjalla m.a. um öryggismál æðstu stjórnar, vernd trúnaðarmerktra upplýsinga, öryggi stjórnvalda, öryggisflokkanir o.fl. Annars staðar á Norðurlöndum er að jafnaði sérstök öryggislöggjöf þar sem m.a. er fjallað um öryggi ríkisins og vernd mikilvægra upplýsinga fyrir ríkið. Sambærilega löggjöf er ekki að finna hér á landi. Ein af meginskyldum ríkisvaldsins er að tryggja öryggi borgaranna og samfélagsins og er markmið frumvarpsins að efla og tryggja þjóðaröryggi og allsherjarreglu. **Febrúar.**

14. **Frumvarp til laga um Haag-samninginn frá 1996 um lögsögu, gildandi lög, viðurkenningu, fullnustu og samvinnu varðandi forsjá barna auk aðgerða til verndar börnum.**
Markmið frumvarpsins er að lögfesta Haag-samninginn frá 1996 á Íslandi. Samningurinn snýr m.a. að því að ákveða lögsögu og lögum hvaða ríkis skuli beita, viðurkenningu og fullnustu á ákvörðunum sem eru teknar í öðru samningsríki t.d. varðandi forsjá eða umgengni. Samningurinn kveður enn fremur á um samstarf og upplýsingagjöf í barnaverndarmálum. Auk þess er lagt til að lögfesta ákvæði sem eru nauðsynleg til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt samningnum og til að tryggja sem besta mögulega aðlögun íslenskra laga að samningnum. **Febrúar.**

15. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, lögum um landamæri, lögum um Schengen-upplýsingakerfið og lögum um brottfararstöð (endursendingar og frávísun).**
Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun laga um brottvísun og frávísun útlendinga. Með frumvarpinu verða jafnframt lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum til að uppfylla skuldbindingar Íslands samkvæmt Schengen-samstarfinu, m.a. vegna innleiðingar nýrrar reglugerðar Evrópusambandsins um endursendingar sem leysir af hólmi tilskipun frá 2008 um sama efni. **Febrúar**.

16. **Frumvarp til hjúskaparlaga.**
Um er að ræða frumvarp til nýrra hjúskaparlaga. Helstu breytingar snúa að því að gera maka kleift að óska beins lögskilnaðar án þess að tilgreina ástæðu og um leið að fella á brott sérstakar lögskilnaðarástæður, svo sem vegna hjúskaparbrots og ofbeldis. Í ljósi einfaldari skilnaðarskilyrða er lagt til að hverfa frá því að dómstólar leysi úr ágreiningsmálum um skilnað og fela sýslumanni alfarið að veita leyfi til skilnaðar. Lögð eru til skýrari ákvæði um fjárskipti milli hjóna, m.a. ný ákvæði um stöðu lífeyrisréttinda. Helsta breytingin er sú að gera almennt ráð fyrir maki geti krafist þess að lífeyrisréttindi sem myndast hafa með greiðslu lágmarksiðgjalds komi ekki undir fjárskipti vegna skilnaðar en að önnur lífeyrisréttindi komi til fjárskipta. Lagðar eru til breytingar á ákvæðum um framfærsluskyldu hjóna og skýrari ákvæði um samninga milli hjóna. Þá eru lagðar til nokkrar breytingar á hjónavígsluskilyrðum, hjónavígslu og ógildingu hjúskapar. **Mars.**

17. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi (ýmsar breytingar).**
Frá gildistöku persónuverndarlaga hefur komið í ljós að skýra þarf nokkur ákvæði laganna nánar eða breyta til að ákvæðin verði framkvæmanleg. Með frumvarpinu er brugðist við ábendingum sem borist hafa, m.a. frá Persónuvernd og fleiri aðilum. **Mars.**

FÉLAGS- OG HÚSNÆÐISMÁLARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021 (rannsókn alvarlegra óvæntra atvika).**
   Frumvarpið felur í sér breytingar sem lúta að meðferð og rannsókn alvarlegra óvæntra atvika í félagslegri velferðarþjónustu. Markmið breytinganna er að tryggja að rannsókn slíkra atvika nái því markmiði að koma megi í veg fyrir að sambærileg atvik endurtaki sig. *Endurflutt.* **September**.

2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (eingreiðsla og orlofs- og desemberuppbót).**
   Lagt verður til að í lögum um almannatryggingar verði með skýrari hætti en verið hefur samkvæmt gildandi lögum kveðið á um greiðslu orlofs- og desemberuppbóta ár hvert til örorku-, hlutaörorku- og ellilífeyrisþega sem og sjúkra- og endurhæfingargreiðsluþega. Þá verður lagt til að tekjulágir einstaklingar í framangreindum hópum skuli eiga rétt á eingreiðslu í desember 2026 sem kemur til viðbótar við desemberuppbót, sbr. framangreint. **September.**

3. **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (reglubundnar breytingar á leigufjárhæð).**
   Með frumvarpinu er lagt til að settur verði skýrari rammi um heimildir aðila leigusamnings til að semja, við gerð leigusamnings, um reglubundnar breytingar leigufjárhæðar á samningstíma. Breytingarnar hafa það að markmiði að stuðla að auknu húsnæðisöryggi leigjenda með meiri stöðugleika og fyrirsjáanleika um leiguverð milli mánaða. Með frumvarpinu verði lagt til að mánaðarleg vísitölutenging leigufjárhæðar verði óheimil. **September**.

4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018 (ýmsar breytingar).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem ætlað er að styrkja þá þjónustu sem fatlað fólk á rétt á. Breytingar fela í sér nýmæli í þjónustu, bættar aðferðir við mat á stuðningsþörfum og innleiðingu á samræmdri grunnskráningu vegna umsókna og veittrar þjónustu. Auk þess verða ýmis atriði skýrð sem þykja óljós í gildandi lögum og lagaframkvæmd. **Nóvember.**

5. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007 (grunnmat, réttindamyndun til örorkulífeyris o.fl.).**
   Lagðar verða til ýmsar breytingar á lögum um almannatryggingar, svo sem lögfesting grunnmats við mat á rétti einstaklinga til sjúkra- og endurhæfingargreiðslna og breytingar sem ætlað er að kveða skýrar en verið hefur samkvæmt gildandi lögum á um tímamörk réttindamyndunar til örorku- og hlutaörorkulífeyris, afmörkun á áhrifum erlends örorkumats og aðgreiningu milli sama tryggingatilviks og nýs tryggingatilviks þegar örorka hefur þegar verið metin í öðru ríki. **Nóvember.**

6. **Frumvarp til laga um Ábyrgðasjóð launa.**
   Í ljósi breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði síðan lög um Ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003, tóku gildi sem og í ljósi ábendinga, m.a. frá stjórn Ábyrgðasjóðs launa, Vinnumálastofnun og Ríkisendurskoðun, þykir tilefni til að leggja fram frumvarp til nýrra heildarlaga um Ábyrgðasjóð launa. **Nóvember.**

7. **Frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (ýmsar breytingar).**
   Lagðar eru til breytingar á skipulagslögum sem hafa það að markmiði að einfalda og stytta skipulagsferla. Samhliða eru lagðar til breytingar til einföldunar á fyrirkomulagi ákvörðunartöku sveitarfélaga um breytingar á svæðisskipulagi. **Nóvember.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 (endurskoðun og einföldun byggingarreglugerðar).**
   Lagðar eru til breytingar á lögum um mannvirki í tengslum við heildarendurskoðun byggingarreglugerðar. Samhliða eru lagðar til breytingar á lögunum um breytt fyrirkomulag

byggingareftirlits með það að markmiði að gera eftirlitið skilvirkara, draga úr byggingargöllum og auka neytendavernd. **Nóvember.**

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991 (ýmsar breytingar).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar sem ætlað er að styrkja það grunnþjónustuhlutverk sem félagsþjónustan gegnir hér á landi. Breytingar fela í sér nýmæli í þjónustu þar á meðal um viðbrögð við ofbeldi, áfangaheimili, aðstoðarmannakort o.fl. Þá verða innleiddar aðferðir við mat á þörf fyrir þjónustu og kveðið á um samræmda grunnskráningu vegna umsókna og veittrar þjónustu. Auk þess verða ýmis atriði skýrð sem þykja óljós í gildandi lögum og lagaframkvæmd. **Febrúar.**

10. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980 (viðurlög við brotum á lágmarkskjörum).**
    Lagt verður til að lögfest verði viðurlög við brotum á lágmarkskjörum launafólks samkvæmt kjarasamningum. **Febrúar.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um almennar íbúðir, nr. 52/2016 (heildarendurskoðun).**
    Lög um almennar íbúðir verði tekin til heildarendurskoðunar með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af framkvæmd laganna frá því að þau voru sett árið 2016. Markmið breytinganna er að húsnæðisstuðningskerfið stuðli enn frekar að auknu framboði íbúða með viðráðanlegum húsnæðiskostnaði. Meðal annars verði skilvirkni í framkvæmd aukin, fyrirkomulag úthlutunar stofnframlaga endurskoðað og eftirlit á framkvæmdatíma eflt. **Mars.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, nr. 45/2007 (EES-reglur).**
    Lagðar verða til breytingar á lögum um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda til að bregðast við athugasemdum frá Eftirlitstofnun EFTA í tengslum við innleiðingu á tveimur tilskipunum hér á landi. Umræddar tilskipanir varða meðal annars réttindi starfsmanna sem sendir eru tímabundið hingað til lands í tengslum við veitingu þjónustu á vegum erlends fyrirtækis sem og skyldur slíkra fyrirtækja og notendafyrirtækja hér á landi. *Innleiðing.* **Mars.**

13. **Frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994 (leigutryggingar og eftirlit á leigumarkaði).**
    Lagðar eru til breytingar á fyrirkomulagi húsaleigutrygginga samkvæmt húsaleigulögum með það að markmiði að auka réttarvernd samningsaðila, einfalda og skýra kröfuferla, auka fyrirsjáanleika um endurgreiðslu tryggingarfjár og fækka ágreiningsmálum fyrir kærunefnd húsamála. Jafnframt eru lagðar til breytingar sem snúa að eftirliti Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnunar á leigumarkaði. **Mars.**

14. **Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda fyrir árin 2026–2029.**
    Framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda er lögð fram til fjögurra ára í senn á grundvelli 7. gr. laga um málefni innflytjenda, nr. 116/2012, og náði gildandi áætlun til ársloka 2025. Verkefni áætlunarinnar miða almennt að því að ná fram markmiðum fyrrnefndra laga og stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. *Endurflutt.* **September.**

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2027.**
   September.

2. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2027.**
   Frumvarpið felur í sér breytingar sem lagðar eru til grundvallar fjárlagafrumvarpi ársins 2027 sem lagt er fram á sama tíma. Það er samið að höfðu samráði við önnur ráðuneyti. **September.**

3. **Frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings 2025.**
   Skv. 58. gr. laga um opinber fjármál á ráðherra að leggja fram frumvarp á Alþingi til staðfestingar ríkisreikningi. Í greinargerð er fjallað um niðurstöðutölur reikningsins og gerð grein fyrir frávikum tekna, útgjalda og lánamála frá samþykktum fjárheimildum. **September.**

4. **Frumvarp til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja.**
   Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð (ESB) 2019/2033 og tilskipun (ESB) 2019/2034 sem fjalla um verðbréfafyrirtæki. Með gerðunum er regluverk Evrópusambandsins um varfærniseftirlit með verðbréfafyrirtækjum í megindráttum skilið frá reglum um varfærniseftirlit með bönkum og öðrum lánastofnunum. Aðskilnaðinum er ætlað að gera regluverkinu kleift að taka betur mið af sérstöðu hvorrar tegundar fyrirtækja fyrir sig. *Innleiðing. Endurflutt.* **September.**

5. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996 (afnám áminningar o.fl.).**
   Með frumvarpinu er endurflutt frumvarp um afnám áminningar og fleiri breytingar á starfsmannalögum lítillega breytt. Frumvarpið felur í sér að felld er brott skylda til að veita starfsmanni eða embættismanni formlega áminningu áður en til uppsagnar eða lausnar um stundarsakir kemur. Þá eru gerðar breytingar á ákvæðum laganna um embættismenn, t.a.m. í tengslum við meðferð mála sem nefnd um lausn um stundarsakir rannsakar, setningar í embætti auk breytinga á auglýsingaskyldu o.fl. *Endurflutt.* **September.**

6. **Frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 2026.**
   Ef þess gerist þörf er skv. 26. gr. laga um opinber fjármál heimilt að leita aukinna fjárheimilda í frumvarpi til fjáraukalaga til að bregðast við tímabundnum, ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum innan fjárlagaársins. **Október.**

7. **Frumvarp til laga um fjárfestingar ríkisins.**
   Um er að ræða heildarendurskoðun á núgildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda, nr. 84/2001. Megintilgangur frumvarpsins er að tryggja skýra og samræmda málsmeðferð við ólíkar tegundir af fjárfestingum ríkisins og að ákvarðanir um fjárfestingar séu vandlega undirbúnar og standist viðmið um góða verkefnastjórnsýslu. **Október.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kílómetragjald á ökutæki, nr. 100/2025 (lagaumgjörð og innheimta gjaldsins).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á lögum um kílómetragjald á ökutæki, m.a. af fenginni reynslu af upptöku gjaldsins og framkvæmd við innheimtu þess. **Október.**

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009 (lagaumgjörð, skilgreiningar o.fl.).**
   Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Starfshópur vinnur að heildstæðri endurskoðun á lögunum, þ.e. að kortleggja og gera samanburð á sambærilegum stuðningskerfum erlendis, framkvæmd á Íslandi, alþjóðlegum straumum og stefnum, mati á árangi af stuðningnum, mælingum á efnahagslegum ávinningi, kortlagningu á stuðningskerfi og tillögum að breytingum. Gert er ráð fyrir að frumvarpið hafi að geyma síðari hluta tillagna að breytingum frá starfshópnum, sem m.a. er ætlað að slá á útgjaldavöxt síðustu ára en fyrri hluti tillagna hópsins hefur þegar verið lögfestur, sbr. lög nr. 27/2026. **Október.**

10. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lögum um Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda (sameining lífeyrissjóða og innheimta ógreiddra lífeyrisiðgjalda).**
Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar á lögum nr. 129/1997 og lögum nr. 155/1998 vegna fyrirhugaðs samruna SL lífeyrissjóðs við Almenna-Lífsverk lífeyrissjóð. Þar sem SL lífeyrissjóður gegnir lögbundnu hlutverki samkvæmt lögum nr. 129/1997 þarf að gera breytingar á gildandi löggjöf til að heimila samruna sjóðsins við annan sjóð. **Október.**

11. **Frumvarp til laga um evrópsk græn skuldabréf (EGBR).**
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2023/2631 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða upplýsingagjöf vegna skuldabréfa sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og vegna skuldabréfa sem tengjast sjálfbærni. *Innleiðing*. **Október.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta (einföldun regluverks og skilvirkni innstæðutryggingakerfis).**
Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta sem miða að því að auka skilvirkni og styrkja innviði og viðbragð íslensks fjármálamarkaðar við áföllum. Þá mælir frumvarpið fyrir um lagfæringar á lögunum og uppfærslu á viðmiðum við útreikningi á framlögum til skilasjóðs. *Innleiðing.* **Október.**

13. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (MREL).**
Með frumvarpinu verður lagt til að reglugerð (ESB) 2022/2036, sem breytir reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR) og tilskipun 2014/59/ESB (BRRD), um varfærnislega meðhöndlun alþjóðlega kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja verði innleidd í íslensk lög. Reglugerðin styrkir reglur um eiginfjár- og skuldbindingarkröfur alþjóðlega kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og fjallar um meðferð innri MREL innan samstæðna, þar á meðal hvernig taka á tillit til dótturfélaga í ríkjum utan EES. Einnig verður lagt til að innleidd verði Evrópugerð sem að léttir tímabundið á áhrifum innleiðingar nýrra eiginfjárkrafna til banka vegna markaðsáhættu samkvæmt svonefndri CRR III-gerð, sem var lögfest með lögum nr. 102/2025, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Evrópugerðin er enn á tillögustigi hjá Evrópusambandsins en fyrirséð er að hún verði samþykkt og birt haustið 2026. *Innleiðing.* **Október.**

14. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2026 (minna vægi verðtryggingar).**
Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar sem miða að því að draga úr vægi verðtryggingar í fasteignalánum. **Nóvember.**

15. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (innheimta, tollar o.fl.).**
Með frumvarpinu eru lagðar til nauðsynlegar breytingar á ýmsum lögum um skatta og gjöld ásamt uppfærslum og breytingum á tilvísunum í skattalögum o.fl. Um er að ræða breytingar sem tengjast m.a. innheimtu opinberra gjalda, tollfrjálsri verslun, rekstrartekjum einstaklinga og félögum sem starfa til almannaheilla. **Nóvember.**

16. **Frumvarp til laga um samevrópska séreignarsparnaðarafurð (PEPP).**
Frumvarpinu er ætlað að innleiða reglugerð (ESB) 1238/2019, um samevrópska séreignarsparnaðarafurð, í íslenskan rétt. Samevrópska séreignarafurðin er ný valfrjáls tegund lífeyrissparnaðar sem neytendum innan EES-svæðisins mun standa til boða. Afurðin á að auka val neytenda við sparnað til starfsloka auk þess sem samevrópska séreignarsparnaðarafurðin verður flytjanleg milli EES-ríkjanna. Afurðin kemur til viðbótar við sparnaðarvalkosti í núverandi lífeyriskerfi en er ekki ætlað að koma í stað þeirra. *Innleiðing.* **Nóvember**.

17. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ríkisábyrgðir og lögum um lánasýslu ríkisins (heildarendurskoðun).**
Með frumvarpinu er stefnt að því endurskoða lagaákvæði um lánaumsýslu ríkissjóðs og ríkisábyrgðir. Undir lánaumsýslu falla m.a. tekin lán ríkissjóðs, endurlán, ábyrgðir, afleiður, áhættustýring og sjóðsstýring. Meginmarkmið frumvarpsins er að samræma löggjöfina gildandi lögum um opinber fjármál og stefnu í lánamálum. Frumvarpið hefur einnig ákveðna tengingu við frumvarpið um fjárfestingar ríkisins. **Janúar.**

18. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, lögum um ökutækjatryggingar og fleiri lögum (breytingar á evrópsku eftirlitskerfi á fjármálamarkaði o.fl.).**
Frumvarpið innleiðir ákvæði reglugerða (ESB) 2019/2175 og 2019/2176 og ákvæði tilskipunar (ESB) 2019/2177. Meðal breytinga er að tilteknar valdheimildir evrópsku eftirlitsstofnanna eru skýrðar og styrktar en einnig eru lagðar til nýjar valdheimildir á tilteknum sviðum. Markmiðið er að auka samræmi í eftirliti innan ESB og tryggja samræmda framkvæmd regluverksins. Meðal nýrra verkefna evrópsku eftirlitsstofnananna má nefna að ESMA fer með beint eftirlit með tilteknum markaðsaðilum, þ.e.a.s. gagnaþjónustuveitendum á verðbréfamarkaði og stjórnendum mjög mikilvægra fjárhagslegra viðmiðana/vísitalna og stjórnendum fjárhagslegra viðmiðana frá þriðju ríkjum sem fengið hafa staðfestingu framkvæmdastjórnar ESB. Jafnframt er áformað að innleiða reglugerð (ESB) 2025/914 varðandi umfang og notkun reglna um fjárhagslegar viðmiðanir. Reglugerðin breytir reglugerð 2016/1011 og leiðir til fækkunar og einföldunar á regluverki fjárhagslegra viðmiðana. Þá er frumvarpinu ætlað að innleiða tilskipun (ESB) 2021/2118 sem breytir tilskipun 2009/103/EB sem fjallar um skyldu til ábyrgðartryggingar vegna notkunar vélknúinna ökutækja. Meðal breytinga er að tilnefna skal bótagreiðsluaðila vegna ógjaldfærni vátryggingafélags og skilgreiningu á ökutæki er breytt. Einnig er kveðið á um útgáfu samræmds tjónsvottorðs á innri markaði EES, ný skilgreining á notkun ökutækis kemur inn og settar eru reglur um hvernig haga skuli eftirliti með því að ökutæki sem koma til landsins séu með vátryggingu. Einnig felur frumvarpið í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2023/2845 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 909/2014 að því er varðar aga í uppgjöri, veitingu þjónustu yfir landamæri, eftirlitssamstarf, veitingu viðbótarbankaþjónustu og kröfur fyrir verðbréfamiðstöðvar þriðja lands og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 236/2012. Loks er ráðgert að innleiða reglugerð (ESB) 2025/2075 um breytingu á reglugerð (ESB) 909/2014 að því er varðar styttingu á uppgjörstíma í Sambandinu. *Innleiðing*. **Janúar.**

19. **Frumvarp til laga um laun og starfskjör forstöðumanna.**
Með frumvarpinu er stefnt að því að festa í lög fjárhæð launa forstöðumanna ríkisstofnana og uppfærslu þeirra og þannig leggja af núverandi kerfi grunnmats á grundvelli 39. gr. a. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Samhliða þarf að breyta lögum nr. 70/1996 auk laga sem hafa að geyma tilvísanir til 39. gr. a. laga nr. 70/1996. **Febrúar.**

20. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber innkaup, nr. 120/2016 (málsmeðferð kærunefndar útboðsmála).**
Með frumvarpinu verður málsmeðferð kærunefndar útboðsmála endurskoðuð til að draga úr kostnaðarsömum töfum á opinberum verkefnum vegna kærumeðferðar, án þess að skerða nauðsynlega réttarvernd bjóðenda. Markmiðið er að auka fyrirsjáanleika, stytta málsmeðferðartíma og draga úr þeim samfélagslega kostnaði sem hlýst af töfum á verkefnum hins opinbera, sérstaklega umfangsmiklum framkvæmda- og innviðaverkefnum þar sem tafir geta haft verulegan beinan og óbeinan kostnað í för með sér. **Febrúar.**

21. **Frumvarp til laga um uppbótarskatt á skattstofna innan samstæðna sem sæta lægri skatti en lágmarksskatti.**
Frumvarpið felur í sér innleiðingu samræmdra reglna um 15% lágmarksskatt fjölþjóðlegra samstæðna með það að markmiði að draga úr skaðlegri skattasamkeppni á milli landa. Fyrirmynd reglnanna hefur verið samin á vettvangi OECD, ásamt greinargerð og leiðbeiningum um framkvæmd reglnanna. **Mars.**

22. **Frumvarp til laga um breytingu ýmsum lögum um skatta og gjöld (uppgjörstímabil, innheimta o.fl.).**
Frumvarpið felur í sér endurskoðun uppgjörstímabila virðisaukaskatts og uppgjör virðisaukaskatts og annarra gjalda í tolli. Þá felur frumvarpið einnig í sér samræmingu á innheimtu opinberra gjalda á landsvísu með því að innheimta þeirra færist að fullu til ríkisskattstjóra. **Mars.**

23. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um verðbréfamarkaði (EES-reglur).**
Frumvarpið felur í sér innleiðingu á reglugerð (ESB) 2024/791, um breytingu á svonefndri MiFIR reglugerð (600/2014), um aukið gagnsæi á fjármagnsmörkuðum, miðlæga söfnun viðskiptaupplýsinga (e. consolidated tape) o.fl. Enn fremur verði innleidd ákvæði tilskipunar (ESB) 2024/790, um breytingar á MiFID II-tilskipuninni (2014/65/ESB), og nokkur óinnleidd ákvæði tilskipunar (ESB) 2021/338, um breytingar á sömu tilskipun (MiFID II). Einnig verður lagt til að reglugerð (ESB) 2019/2099, um breytingar á reglugerð (ESB) nr. 648/2012, um afleiðuviðskipti, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (EMIR 2.2), verði veitt lagagildi hér á landi með breytingu á lögum nr. 15/2018 um sama efni. Það felur í sér breytingar á eftirliti með miðlægum mótaðilum. Engir slíkir eru starfandi hérlendis. Loks er með frumvarpinu lagt til að skráningapakki Evrópusambandsins, sem inniheldur reglugerð (ESB) nr. 2019/2809 og tilskipanir (ESB) nr. 2024/2810 og nr. (ESB) 2024/2811, verði innleiddur í íslensk lög. Það felur í sér breytingar á lögum um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði, nr. 14/2020, lögum um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021, lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, og lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994. *Innleiðing.* **Mars.**

24. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (EES-reglur).**
Frumvarpið innleiðir tilskipun (ESB) 2024/1619 sem varðar varfærniskröfur til lánastofnana. Meðal breytinga er að mælt er fyrir um nokkrar nýjar heimildir eftirlitsaðila og kveðið nánar á um sjálfstæði þeirra, kveðið er afdráttarlaust á um að lánastofnanir frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins geti ekki boðið fram þjónustu sína í ríkjum innan svæðisins án þess að koma á fót útibúi þar með leyfi eftirlitsaðila, áhættustýring og mat lánastofnana á eiginfjárþörf skal taka mið af áhættu sem varðar umhverfislega og félagslega þætti og stjórnarhætti og sett eru skilyrði um hæfi lykilstarfsmanna lánastofnana. *Innleiðing.* **Mars.**

25. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á fjármálamarkaði (einföldun).**
Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar á ýmsum lögum á fjármálamarkaði til einföldunar. **Mars.**

26. **Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2028-2032.**
Mars.

HEILBRIGÐISRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna viðbragða við lyfjaskorti o.fl.**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lyfjalögum, nr. 100/2020, sem teljast nauðsynlegar miðað við þá reynslu sem komin er síðan lögin tóku gildi. Frumvarpið felur m.a. í sér heimildir fyrir Lyfjastofnun til að bregðast við lyfjaskorti og lágmarka áhrif hans á sjúklinga, breytingar á ákvæðum er varða undanþágulyf, ákvæði um lyfjafræðilega þjónustu í lyfjabúðum, ákvæði sem heimilar lyfjafræðingum að ávísa bóluefnum, viðurlagaákvæði og breytingar á framkvæmd ákvarðana um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í lyfjum. Frumvarpið felur einnig í sér breytingar á lögum um dýralyf, nr. 14/2022, lögum um lækningatæki, nr. 132/2020, lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012. *Endurflutt.* **September**.

2. **Frumvarp til laga um tóbaksvarnir, rafrettur og nikótínvörur.**
   Með frumvarpinu er lagt til að tveir lagabálkar verði sameinaðir í einn, þ.e. lög um tóbaksvarnir, nr. 6/2002, og lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur, nr. 87/2018. Lagðar eru til breytingar sem ætlað er að draga úr notkun, sérstaklega meðal barna og ungmenna og lúta að eftirliti með vörunum. **September**.

3. **Frumvarp til laga um Stafræna heilsu.**
   Með frumvarpinu er lagt til að sett verði heildstæð lagaumgjörð um starfsemi Stafrænnar heilsu og uppbyggingu, rekstur og þróun stafrænna heilbrigðisinnviða á landsvísu. Markmiðið er að efla stafræna þróun í heilbrigðisþjónustu, styðja við nýsköpun og tryggja samhæfingu. Í því skyni eru samhliða lagðar til breytingar m.a. á lögum um sjúkraskrár, nr. 55/2009, lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, og lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007. **Október**.

4. **Frumvarp til laga um geislavarnir.**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á löggjöf um geislavarnir en um er að ræða heildarendurskoðun á lögum um það efni, nr. 44/2002. Fjölmörg ákvæði laganna eru komin til ára sinna og þykir nauðsynlegt að færa mörg hver nær alþjóðlegum öryggiskröfum eftir því sem við á. Við endurskoðunina hefur verið höfð hliðsjón af framkvæmdinni á öðrum Norðurlöndum. Þá mun frumvarpið endurspegla fyrirhugaðar breytingar á stjórnsýslu geislavarna. **Nóvember**.

5. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (kynfrumugjafar, notkun kynfrumna og leyfisveiting).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996, en þörf er á að ráðast í breytingar á lögunum í ljósi sjónarmiða um gæði og öryggi tæknifrjóvgunarþjónustu. Þar má sem dæmi nefna að lagt er til að hámark verði sett á notkun kynfrumna frá sama kynfrumugjafa, rétt barna sem getin eru með gjafafrumum til að þekkja uppruna sinn og einföldun regluverks. **Nóvember**.

6. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði og lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga (tilkynningar vegna vísindarannsókna á heilbrigðissviði).**
   Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, nr. 44/2014, og lögum um lífsýnasöfn og söfn heilbrigðisupplýsinga, nr. 110/2000, til að styðja við innleiðingu stefnu um einstaklingssniðna heilbrigðisþjónustu. Meðal breytinga sem lagðar eru til má nefna gagnkvæmisskyldu rannsakenda í vísindarannsóknum á heilbrigðissviði og nýtingu erfðaupplýsinga einstaklinga og annarra heilbrigðisupplýsinga sem safnað hefur verið í vísindarannsóknum í heilbrigðisþjónustu. **Febrúar**.

7. **Frumvarp til laga um mannefni.**
   Með frumvarpinu er lögð til innleiðing reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB)2024/1938 frá 13. júní 2024 um kröfur varðandi gæði og öryggi mannefna sem ætluð eru til notkunar í mönnum

og um niðurfellingu á tilskipunum 2002/98/EB. Um er að ræða reglur á sviði gæða og öryggis blóðs, vefja og fruma. *Innleiðing.* **Febrúar**.

8. **Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun vegna offitu á Íslandi fyrir árin 2026–2030.**
   Með vísan til markmiða sem lögð voru í skýrslu starfshóps um offitu, holdarfar, heilsu og líðan verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun vegna offitu. Í tillögunni verði lögð áhersla á almennar lýðheilsuaðgerðir sem tryggja tækifæri einstaklinga til heilsusamlegrar lifnaðarhátta, ásamt gagnaöflun, eftirliti, ráðgjöf og uppbyggingu meðferðar í heilbrigðisþjónustu vegna offitu. *Endurflutt.* **September.**

9. **Tillaga til þingsályktunar um landsáætlun vegna sjaldgæfra sjúkdóma fyrir árin 2027–2031.**
   Með vísan til áherslna vinnuhóps sem lagðar voru fram í skýrslu um sjaldgæfa sjúkdóma verður lögð fram tillaga til þingsályktunar um landsáætlun um sjaldgæfa sjúkdóma. Áætluninni er ætlað að vera leiðbeinandi um þjónustu til þeirra sem falla undir skilmerki um sjaldgæfa sjúkdóma og aðstandendur þeirra. *Endurflutt.* **September.**

10. **Tillaga til þingsályktunar um stefnu í einstaklingssniðinni þjónustu byggðri á erfðaupplýsingum.**
    Lögð verður fram tillaga að stefnu í einstaklingssniðinni heilbrigðisþjónustu byggða á erfðaupplýsingum, en hugtakið einstaklingssniðin heilbrigðisþjónusta felur í sér forvarnir og lækningar sem eru sniðnar að einstaklingum ólíkt því þegar allir með tiltekinn sjúkdóm fá sömu meðferð. Til að beita einstaklingssniðinni heilbrigðisþjónustu þarf að útbúa safn með heildstæðum upplýsingum svo unnt sé að skilja hvaða þættir hafa áhrif á heilsu hvers einstaklings og byggja kerfi sem nýta þann grunn innan heilbrigðiskerfisins. **Október**.

11. **Skýrsla heilbrigðisráðherra um framkvæmd heilbrigðisstefnu til fimm ára.**
    Árleg skýrsla. **Maí.**

12. **Skýrsla heilbrigðisráðherra um framkvæmd lýðheilsustefnu til fimm ára.**
    Árleg skýrsla. **Maí.**

INNVIÐARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til sveitarstjórnarlaga.**
   Heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga þar sem m.a. verða lagðar til breytingar á almennum reglum sem varða stjórnsýslu sveitarfélaga, íbúasamráð, samvinnu sveitarfélaga, fjármál og reikningsskil sveitarfélaga, starfshætti kjörinna fulltrúa, eftirlit með stjórnsýslu sveitarfélaga, atvinnuþátttöku sveitarfélaga o.fl. *Endurflutt.* **September.**

2. **Frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga.**
   Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar frá fyrri lögum til að tryggja öryggi siglinga þar sem staðsetning mannvirkja á hafi, s.s. fiskeldiskvía, sæstrengja, neðansjávarleiðsla og annarra hafstöðva, hefur aukist til muna. Koma þarf í veg fyrir að þessi þróun dagi úr öryggi siglinga. Þær stofnanir sem bera ábyrgð á öryggi siglinga á hafinu umhverfis Ísland, Vegagerðin, Samgöngustofa og Landhelgisgæsla Íslands, hafa kallað eftir þessum breytingum og fært rök fyrir mikilvægi þeirra. Aðrar breytingar sem stefnt er að með frumvarpinu snúa m.a. að uppfærslu skilgreininga í samræmi við skilgreiningar Alþjóðastofnunar um leiðarmerki á sjó, ábyrgð og heimildir Vegagerðarinnar og Samgöngustofu varðandi leiðarmerki skýrð og heimild ráðherra til að setja reglugerðir tryggð, m.a. um umferð tiltekinna tegunda skipa á ákveðnum svæðum og notkun tiltekinna veiðarfæra og akkerislegu. Aðkoma Samgöngustofu og Vegagerðarinnar að gerð strandsvæðisskipulags vegna ábyrgðarhlutverks stofnananna varðandi öryggi siglinga er tryggð. *Endurflutt.* **September.**

3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, lögum um Fjarskiptastofu og lögum um fjölmiðla (aðgerðir gegn svikastarfsemi, EES-reglur o.fl.).**
   Með frumvarpinu er lagt til að gildissviðsákvæði laga um fjarskipti verði bætt vegna framtíðartækni sem koma skal. Þá er lagt til að bætt verði inn heimild í lög um Fjarskiptastofu að innheimta auðlindagjald fyrir úthlutun á tíðni 40,5-43,5 GHz fyrir jarðbundin fjarskiptakerfi sem veita þráðlausar breiðbands fjarskiptaþjónustur í Evrópusambandinu skv. framkvæmdarákvörðun framkvæmdarstjórnarinnar (ESB) 2024/1983. *Innleiðing. Endurflutt.* **September.**

4. **Frumvarp til laga um netöryggisvottun á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni.**
   Með frumvarpinu er lagt til að innleidd verði ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/881 um Netöryggisstofnun Evrópu (ENISA) og netöryggisvottunarkerfi upplýsinga- og samskiptatækja og niðurfellingu á reglugerð (ESB) 526/2013, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins. *Innleiðing*. *Endurflutt.* **September.**

5. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 70/2022 (innleiðing EES-gerða).**
   Markmið frumvarpsins er að innleidd verði reglugerð Evrópusambandsins 2024/1307 um tímabundna undanþágu frá ePrivacy tilskipuninni til að sporna gegn barnaníði á Internetinu. Reynt var að breyta fjarskiptalögum vegna gerðarinnar á 153. löggjafarþingi (947. mál) og aftur í breyttri mynd á 157. löggjafarþingi (601. mál) en frumvarpið náði ekki fram að ganga. *Innleiðing. Endurflutt.* **September.**

6. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun, nr. 106/1999 (lagfæringar).**
   Lögin eru frá 1999 og lagt er til að þau verði færð til nútímahorfs. Töluverðar breytingar hafa orðið á starfsemi stofnunarinnar síðan hún hóf störf auk þess sem samfélagsbreytingar hafa verið nokkrar. Þá þarf að skerpa á nokkrum atriðum varðandi póstþjónustu þar sem ESA hefur gert athugasemdir við að tryggja þurfi betur sjálfstæði stofnunarinnar sem eftirlitsaðila á póstmarkaði. **September.**

7. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um íslensk landshöfuðlén, nr. 54/2021 (eftirlit, neytendavernd o.fl.).**
   Markmið frumvarpsins er að setja regluramma um starfsemina sem feli í sér eftirlit með henni í þeim tilgangi að tryggja neytendavernd, sanngjarna verðlagningu á þjónustu, sporna gegn svikastarfsemi, vernda orðspor íslenska ríkisins og stuðla að bættu netöryggi. **Október.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019 (stjórnskipulag netöryggis).**
   Markmiðið með breytingu á lögunum er að stuðla að auknu netöryggi mikilvægra innviða með því að færa eftirlit með lögunum frá Umhverfis- og orkustofnun, Samgöngustofu og embætti landlæknis til Fjarskiptastofu. **Október.**

9. **Frumvarp til laga um byggðatengdar veiðiheimildir.**
   Frumvarpið er m.a. lagt fram í kjölfar breytingar á forsetaúrskurði nr. 46/2025, þar sem stjórnarmálefnið er varðar meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, (5,3% aflaheimildir) var flutt frá atvinnuvegaráðuneyti til innviðaráðuneytis. Með frumvarpinu verða teknar til endurskoðunar heimildir til úthlutunar strandveiðileyfa og skýrðar nánar heimildir til úthlutunar byggðatengdra veiðiheimilda með það að markmiði að móta skýrari, markvissari og skilvirkari umgjörð um ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ætlaðar eru til stuðnings sjávarbyggðum. Til að auka gagnsæi og skýrleika er lagt til að færa ákvæði um þetta málefni úr lögum um stjórn fiskveiða og í sérstök lög. **Nóvember.**

10. **Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (stöðureitir, gjaldheimta o.fl.).**
    Með frumvarpinu verða breytingar lagðar til á gildandi lögum um stöðureiti og gjaldskyldu sem og að lagt verður mat á hvort mæla á fyrir um hlutlæga ábyrgð eiganda eða umráðamanns ökutækis vegna hraðakstursbrota og brota gegn ákvæðum um stærð og þyngd ökutækja. Að lokum verða lagðar til breytingar til leiðréttingar eða skýringar gildandi lögum. **Nóvember.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, lögum um skráningu, merki og mat fasteigna og fleiri lögum (afnám undanþágu orkumannvirkja frá fasteignamati).**
    Með frumvarpinu verða lagðar til viðeigandi breytingar á lögum í samræmi við tillögur starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra í júní 2023. Tillögur starfshópsins, sem kynntar voru í janúar 2024, hafa það markmið að tryggja nærsamfélagi sem fyrst sanngjarnari hlutdeild en nú er í ávinningi vegna raforkuframleiðslu. Frumvarpið er m.a. lagt fram til að fylgja eftir 6. lið stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um að sjá til þess að stærri hluti tekna af orkumannvirkjum renni til nærsamfélags. **Janúar.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 70/2022 (vernd sæstrengja o.fl.).**
    Markmið frumvarpsins er að renna styrkari stoðum undir ákvæði sem eiga að verndа fjarskiptastrengi í sjó. Í núgildandi lögum er ekkert fjallað um sjókvíar og annan slíkan búnað sem getur raskað öryggi fjarskiptastrengja. Tryggja þarf vernd mikilvægra fjarskiptainnviða án þess að gengið sé lengra en nauðsynlegt er gagnvart lögmætri nýtingu hafsvæða. Í ljósi þess að sjókvíaeldi er vaxandi iðnaður hér við land er nauðsynlegt að lagaákvæðið verði uppfært og gert skýrara. **Febrúar.**

13. **Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldaákvæði).**
    Með frumvarpinu er stefnt er að því að gera höfnum einfaldara að ákvarða hvert réttmætt gjald er fyrir tiltekna þjónustu sem veitt er í höfnum. Hafnir geti því tekið gjald sem stendur undir veittri þjónustu þeirra. **Febrúar.**

14. **Frumvarp til laga um netöryggi.**
    Frumvarpið felur aðallega í sér innleiðingu á endurnýjaðri netöryggistilskipun (ESB) 2022/2555, hér eftir NIS2. Markmið tilskipunarinnar er að auka viðnámsþrótt samfélagslega mikilvægrar starfsemi gagnvart netógnum og koma í veg fyrir eða lágmarka rof á nauðsynlegri þjónustu af þeim völdum. Með NIS2 eru netöryggiskröfur til mikilvægra innviða uppfærðar og gilda þær um aðila á fjölbreytilegri málefnasviðum en upphafleg tilskipun (NIS1) gerði ráð fyrir. Tilskipunin gerir enn ríkari samræmdar kröfur til áhættustjórnunar og öryggisráðstafana, um viðbúnað, prófanir, öryggi aðfangakeðju o.fl. Í NIS2 er sérstök áhersla lögð á ábyrgð stjórnenda á því að öryggisráðstafanir séu í reynd virkar og uppfylli lagaskilyrði. Tilkynningaskylda um atvik mun framvegis ná til fleiri aðila og NIS2 er ætlað að gera viðbrögð við atvikum og mögulegum netógnum enn skilvirkari en ella. Í tilskipuninni eru t.d. settar fram kröfur um virkt samstarf og upplýsingaskipti viðeigandi aðila

innanlands og yfir landamæri, sem og kröfur til landsbundinnar netöryggisstefnu. Með frumvarpinu verður lagt til að ný lög leysi af hólmi gildandi lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019. Í nýjum lögum verði einnig vikið að öðrum þáttum netöryggis í netumdæmi landsins. *Innleiðing.* **Mars.**

15. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um póstþjónustu, nr. 98/2019 (alþjónusta).**
Með frumvarpinu verða í kjölfar greiningar lagðar til breytingar á lögum um póstþjónustu. Markmiðið er að bregðast við breyttu umhverfi í póstþjónustu með lækkandi bréfamagni samfara vaxandi samkeppni á póstmarkaði og hækkandi alþjónustubyrði íslenska ríkisins á grunni laganna. **Mars.**

16. **Tillaga til þingsályktunar um byggðaáætlun fyrir árin 2027-2031.**
Samkvæmt lögum um stefnur og aðgerðaáætlanir á sviði innviða, nr. 30/2023, skal ráðherra leggja fram endurskoðaða áætlun á hverju kjörtímabili. Byggðaáætlun er mikilvægt tæki fyrir stjórnvöld á hverjum tíma til að hafa áhrif á framgang og móta stefnu í byggðamálum fyrir landið í heild og einstök svæði. Gildandi byggðaáætlun var samþykkt á Alþingi árið 2022 og rennur aðgerðaáætlun hennar út í lok árs 2026. **Október.**

17. **Tillaga til þingsályktunar um fjarskipta- og netöryggisáætlun fyrir árin 2027-2031.**
Með tillögunni verður lögð fram heildstæð fjarskipta- og netöryggisáætlun þar sem mörkuð verður stefna um uppbyggingu, viðnámsþrótt og öryggi stafrænna innviða. Áætlunin mun m.a. fjalla um aðgerðir til að efla áfallaþol fjarskiptakerfa, vernd mikilvægra innviða, samhæfingu stjórnvalda og viðbrögð við aukinni netógn. **Febrúar.**

MENNINGAR-, NÝSKÖPUNAR- OG HÁSKÓLARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (hámarksrefsing fyrir stórfelld brot).**
   Ólögmæt dreifing höfundaréttarvarins sjónvarpsefnis á netinu, svokölluð „IPTV-sjóræningjastarfsemi“ er útbreidd meinsemd í íslensku samfélagi sem hefur neikvæð áhrif á rétthafa, þar á meðal innlenda fjölmiðla. Með frumvarpinu er lagt til að hækka hámarksrefsingu höfundalaga, úr tveggja ára fangelsi í gildandi lögum upp í allt að sex ára fangelsi, með breytingu á 2. mgr. 54. gr. höfundalaga, nr. 73/1972. Slík breyting sendir skýr skilaboð gagnvart þessari þróun og endurspeglar betur alvarleika og neikvæðar afleiðingar brotanna ásamt því að færa rannsókn lögreglu á málum, sem varða ólögmæta netdreifingu á höfundaréttarvörðu sjónvarpsefni, ofar á forgangslista kærumála hjá lögreglu. *Endurflutt*. **September.**

2. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu, nr. 23/2013 (tekjuöflun Ríkisútvarpsins o.fl.).**
   Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 14. gr. laga um Ríkisútvarpið, sem fjallar um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Lagt er til að frá árlegum tekjum af útvarpsgjaldi, samkvæmt fjárveitingu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum, dragist fjárhæð sem svarar til 10% af meðaltekjum Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum næstu fjögur reikningsár á undan, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þá er lagt til að tekjur RÚV sölu ehf. af sölu viðskiptaboða fari ekki yfir tiltekið hámark. Hámarkið nemi meðaltali auglýsingatekna á næstliðnum fjórum árum, uppreiknuðum á verðlagi greiðsluárs. Frumvarpið tengist áformum ríkisstjórnarinnar um að hækka fjárframlög til einkarekinna fjölmiðla. Frumvarpið felur einnig í sér að felldar verði brott, úr 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, kvaðir um lágmarksfjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva sem Ríkisútvarpinu er skylt að dreifa um allt land. **Október.**

3. **Frumvarp til laga um stjórnskipulag gagna.**
   Með frumvarpinu verður reglugerð (ESB) 2022/868 (Data Governance Act) innleidd í íslenskan rétt. Í frumvarpinu verða sett samræmd skilyrði um notkun tiltekinna gagnasetta opinberra aðila, tilkynningar- og eftirlitsrammi fyrir veitingu gagnamiðlunarþjónustu, rammi um skráningu aðila sem miðla gögnum til almannaheilla og kveðið á um stofnun nefndar um evrópska gagnanýsköpun. *Innleiðing*. **Nóvember.**

4. **Frumvarp til laga um djúpfalsanir.**
   Með frumvarpinu verða ákvæði um bann við tiltekinni notkun gervigreindar, djúpfalsanir o.fl. lögfest til samræmis við evrópskt regluverk. **Nóvember.**

5. **Frumvarp til laga um menningarframlag streymisveitna til eflingar íslenskri menningu og tungu.**
   Frumvarpið felur í sér að sett verði ný heildarlög sem miða að því að innlendum og erlendum streymisveitum, með staðfestu innan EES og starfsemi á íslenskum fjölmiðlamarkaði, verði gert að greiða tiltekið hlutfall af heildartekjum af starfsemi þeirra á Íslandi, svokallað menningarframlag. Tilgangurinn er að auka fjárfestingu í innlendri sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu og jafna samkeppnisumhverfi innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum. **Janúar.**

6. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999 (ýmsar breytingar).**
   Með frumvarpinu er stefnt að endurskoðun á lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi með það fyrir augum að einfalda og skýra umsýslu með kerfinu ásamt því að auka fyrirsjáanleika fyrir umsækjendur, umsýsluaðila og ríkissjóð. Lagt verður til að skýra hugtök enn frekar og koma skipulagi á uppsetningu ákvæða til þess að auðvelda lestur laganna fyrir umsækjendur en lögin bera þess merki að þeim hefur verið breytt oft. **Janúar.**

7. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (ýmsar breytingar).**
   Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar á lögum um háskóla, nr. 63/2006, til að mæta uppsafnaðri þörf fyrir endurskoðun laganna. Um er að ræða minniháttar breytingar sem snúa m.a. að gæðakerfi, stjórnskipan háskóla og megináherslum í nýrri háskólastefnu. **Janúar.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á myndlistarlögum, nr. 64/2012 (listskreytingasjóður o.fl.).**
   Frumvarpið felur í sér endurskoðun á fyrirkomulagi listskreytingasjóðs með það fyrir augum að einfalda og skýra umsýslu á listaverkum í almannarými um allt land, í opinberum byggingum og umhverfi þeirra. Markmið lagasetningarinnar er að list í almannarými sé aðgengileg almenningi og auðgi umhverfi um allt land. Með frumvarpinu verður lagt til að skýrari rammi skapist utan um framkvæmdir verkefna frá undirbúningi til uppsetningar, viðhalds og varðveislu. **Mars.**

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúruminjasafn Íslands og safnalögum og lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur (sameining stofnana).**
   Með frumvarpinu verða lagðar til nauðsynlegar lagabreytingar vegna sameiningar Náttúruminjasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar með það að markmiði að til verði heildstæð þekkingarstofnun sem hefur það hlutverk að vakta, rannsaka, safna, skrá og miðla þekkingu um íslenska náttúru. **Mars.**

10. **Frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972 (EES-reglur).**
    Frumvarpið innleiðir tilskipun (ESB) 2019/790 Evrópuþingsins og ráðsins frá 17. apríl 2019 um höfundarrétt og skyld réttindi á stafrænum innri markaði („DSM tilskipunin“ - Directive on copyright and related rights in the Digital Single Market) og tilskipun (ESB) 2019/789 um höfundarrétt og skyld réttindi sem tengist ákveðnum netútsendingum og endurútsendingum sjónvarps- og útvarpsdagskráa („netútsendingatilskipunin“). Um er að ræða annars vegar tilskipun sem miðar að því að samræma reglur um höfundarétt á stafrænum innri markaði, m.a. með ákvæðum sem fjalla um texta- og gagnanám og nýjan rétt útgefanda fréttaefnis og hins vegar tilskipun sem fjallar um stafræna dreifingu sjónvarps- og útvarpsefnis yfir landamæri. *Innleiðing*. **Mars.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (ýmsar breytingar).**
    Lög um fjölmiðla og stjórnsýslueftirlit með fjölmiðlum verði endurskoðað með tilliti til þeirra breytinga sem orðið hafa á tækni, miðlunarleiðum og notkun fjölmiðla og reynslu af framkvæmd laganna. **Mars.**

12. **Skýrsla Vísinda- og nýsköpunarráðs um stöðu vísinda og nýsköpunar hér á landi í alþjóðlegu tilliti, stefnumótun stjórnvalda og helstu samfélagslegu áskoranir.**
    Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um Vísinda- og nýsköpunarráð, nr. 137/2022, skal ráðið árlega skila skýrslu til ráðherra sem fer með málefni vísinda og nýsköpunar sem skal leggja skýrsluna fyrir Alþingi. **September.**

MENNTA- OG BARNAMÁLARÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um barnavernd.**
   Frumvarpið felur í sér ný heildarlög um barnavernd. Breytingar frá eldri barnaverndarlögum felast meðal annars í aukinni áherslu á samþættingu og samvinnu í þjónustu við börn, betra samspil heilbrigðisþjónustu og barnaverndar og aukin réttindi barna. Þá eru lagðar til breytingar vegna þjónustu við börn með fjölþættar stuðningsþarfir. *Endurflutt*. **September**.

2. **Frumvarp til laga um aðgang barna að samfélagsmiðlum.**
   Frumvarpinu er ætlað að setja skýrari reglur um aðgang barna að samfélagsmiðlum með tilliti til aldurs. Markmiðið er að styrkja vernd barna í stafrænu umhverfi og bregðast við áhyggjum af áhrifum samfélagsmiðlanotkunar á velferð barna. **Október**.

3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008 (skipulag náms og námslok).**
   Þróun framhaldsskólastarfs og fengin reynsla sýna að þörf er á að skýra og styrkja lagaumgjörð um námslok og stöðu tiltekinna námsúrræða í framhaldsskóla. Markmiðið er að ná betur utan um nemendahóp framhaldsskóla sem er fjölbreyttur og þarfir nemenda ólíkar. Í frumvarpinu felst innleiðing nýrra námslok á framhaldsskólastigi fyrir nemendur sem þurfa einstaklingsmiðaðra, hagnýtara og sveigjanlegra nám en núverandi námslok gera ráð fyrir, skýrara hlutverk starfsbrauta fyrir nemendur með fötlun og skýrari lagaumgjörð fyrir fjarnám. **Nóvember**.

4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla, nr. 95/2019 (leyfisbréf).**
   Í frumvarpinu felast breytingar á reglum um leyfi til að nota starfsheitið kennari. Markmið frumvarpsins er að leggja aukna áherslu á sérhæfingu sem stýri ákvörðunum um ráðningu í kennslustörf. **Nóvember**.

5. **Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum, nr. 80/2002 (útivistartími).**
   Í frumvarpi til laga um barnavernd, sem lagt var fram á 157. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga, fólust tillögur um breytingar á reglum um útivistartíma barna. Í samræmi við nefndarálit meiri hluta velferðarnefndar Alþingis verða breytingar á útvistartíma lagðar fram í sérstöku frumvarpi og málinu þannig veitt aukið vægi í málaflokknum. **Janúar**.

6. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla og lögum um framhaldsskóla (brottvísun nemenda).**
   Í frumvarpinu felast breytingar á reglum um brottvísun nemenda úr grunn- og framhaldsskólum. Markmið frumvarpsins er að styðja við skólaskyldu barna og rétt þeirra til náms til 18 ára aldurs. **Febrúar**.

7. **Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna til ársins 2030.**
   Samkvæmt 3. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, skal mennta- og barnamálaráðherra leggja fram, sem tillögu til þingsályktunar, stefnu og framkvæmdaáætlun um verkefni ríkisins sem varða farsæld barna til fjögurra ára. *Endurflutt*. **September.**

8. **Tillaga til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun gegn fátækt barna.**
   Í samstarfi við viðeigandi ráðuneyti leggur mennta- og barnamálaráðherra fram tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun til að uppræta vítahring fátæktar og tryggja börnum hér á landi jöfn tækifæri óháð efnahag og félagslegri stöðu. **Október.**

9. **Tillaga til þingsályktunar um þriðju aðgerðaáætlun menntastefnu til 2030.**
   Þingsályktun um menntastefnu til 2030 var samþykkt á Alþingi 24. mars 2021. Gefnar hafa verið út tvær aðgerðaáætlanir til að innleiða stefnuna og lagt er til að þriðja og síðasta aðgerðaáætlunin verði lögð fyrir Alþingi sem tillaga til þingsályktunar. Markmið aðgerðaáætlunarinnar er að skýra stefnu

stjórnvalda og áherslur næstu ára í menntamálum. Má þar nefna áherslur sem lúta að auknum námsgögnum og skólaþjónustu, breytingar á aðalnámskrá og viðmiðunarstundarskrám ásamt endurskoðun á stefnunni „skóli án aðgreiningar“. Þá er stefnunni ætlað að efla áherslur stjórnvalda á kjarnagreinar svo sem læsi og raunvísindi (STEM) ásamt virkri þátttöku ungmenna í stefnumótun og varpa ljósi á stöðu og áskoranir ungmenna í landinu. **Nóvember.**

10. **Tillaga til þingsályktunar um ungmennastefnu fyrir árin 2027–2034.**
Markmið stefnunnar er að ná utan um þau málefni stjórnvalda sem snúa að ungmennum og tryggja að stefna stjórnvalda í málaflokknum sé skýr. **Janúar.**

UMHVERFIS-, ORKU- OG LOFTSLAGSRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til loftslagslaga.**
   Lagt er til að sett verði ný heildarlög um loftslagsmál í stað gildandi laga frá 2012 sem hafa tekið margvíslegum breytingum og eru orðin sundurleit. Markmið frumvarpsins er að skýra og útfæra betur ýmis ákvæði laganna og styrkja þannig framkvæmd loftslagsmála. Frumvarpið tryggir jafnframt nánari útfærslu markmiðs um kolefnishlutleysi eigi síðar en árið 2040. Einnig er lagt til nýtt ákvæði um að ráðherra láti vinna loftslagsstefnu og leggi hana fram á Alþingi. Loftslagsstefna skal m.a. fela í sér töluleg langtímamarkmið ásamt skilgreindum millimarkmiðum og skammtímamarkmiðum sem styðja við framvindu að markmiði um kolefnishlutleysi. *Endurflutt með breytingum.* **September.**

2. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði orkumála (EES-reglur).**
   Innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 fjallar um að auka notkun frá endurnýjanlegum orkugjöfum og fellir úr gildi eldri tilskipun 2009/28/EB. Tilskipunin nær til raforku, hita og eldsneytis og í henni felast viðmið varðandi hvað telst endurnýjanleg orka og eldsneyti og hvaða skilyrði þarf að uppfylla. Tilskipunin leggur ríka áherslu á einföldun stjórnsýslu í tengslum við leyfisveitingar fyrir virkjanir sem framleiða orku úr endurnýjanlegum orkugjöfum auk þess sem skilgreina þarf ný hugtök um t.a.m. orkusamfélög og sjálfsnotendur. Breyta þarf raforkulögum og lögum um endurnýjanlegt eldsneyti í samgöngum á landi. Þá þarf að breyta lögum um upprunaábyrgðir en núgildandi lög taka einungis til raforku. Útvíkka þarf gildissvið laganna þannig að hægt verði að gefa út upprunaábyrgðir fyrir gas, t.d. vetni, hita og kælingu og tilnefna aðila sem gefur út slíkar ábyrgðir. *Innleiðing.* **September.**

3. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og lögum um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála (markmið, nýting eigna og framkvæmdaumsjón).**
   Með frumvarpinu verður mælt fyrir um nauðsynlegar breytingar á lögunum til að skýra og styrkja framkvæmd þeirra í ljósi reynslunnar, styrkja umgjörð ofanflóðavarna og sporna gegn dvöl fólks utan leyfilegs nýtingartíma í húseignum á hættusvæðum. *Endurflutt.* **September.**

4. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda, nr. 33/2004 (leyfisveitingar vegna vísindarannsókna í hafi).**
   Frumvarpið snýr að leyfisveitingum fyrir verkfræðileg rannsóknarverkefni á hafi með hliðsjón af þróun alþjóðareglna á þessu sviði. Samkvæmt lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, nr. 41/1979, sem eru á forræði utanríkisráðuneytis, eru vísindalegar rannsóknir í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands háðar samþykki íslenskra stjórnvalda. Með frumvarpinu mun hluti ábyrgðar á þeirri stjórnsýslu færast til Umhverfis- og orkustofnunar, þ.e. hvað varðar umsóknir um rannsóknarleyfi til einkaaðila vegna umhverfis- og loftslagsrannsókna. **September.**

5. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, nr. 96/2023 (ETS2-kerfið).**
   Frumvarpið felur í sér innleiðingu nýs ETS-kerfis (ETS2-kerfið) en ETS2-kerfið nær til losunar frá byggingum, vegasamgöngum og smærri iðnaði. Um er að ræða kerfi sem er hliðstætt viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir sem nær til losunar frá flugi, sjóflutningum og staðbundnum iðnaði. Um er að ræða meginstjórntæki ESB á sviði loftslagsmála og er kerfi um losunarheimildir ætlað að mynda hagrænan hvata til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. *Innleiðing.* **September.**

6. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (umsagnarskylda).**
   Með frumvarpinu er lagt til afnám álitsskyldu sem gildir í dag um hús byggð 1924–1940. *Endurflutt.* **September.**

7. **Frumvarp til laga um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis.**
   Frumvarpið felur í sér lögfestingu reglugerðar (ESB) 2023/956 um að koma á fót aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis, sem og reglugerðar (ESB) 2025/2083 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/956 að því er varðar að einfalda og styrkja aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis. Kerfið mun fela í sér kolefnisgjöld á innflutning vara með stórt kolefnisfótspor og koma frá þriðju ríkjum. Markmiðið er að efla samkeppnishæfni vara með lágt kolefnisfótspor, s.s. framleiddum af starfsemi sem fellur undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS-kerfið), og stuðla að samdrætti í innflutningi á kolefnisríkum vörum. *Innleiðing.* **September.**

8. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 (hlunnindaveiðar, veiðikort og námskeið).**
   Lagt til að gera breytingar á ákvæðum sem varða hlunnindaveiðar á lunda, hækka fjárhæð vegna veiðikorta, ákvæði varðandi stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir veiðitegundir og að setja reglugerðarheimild til að skýra stjórnsýslu undirbúnings og framkvæmdar námskeiða fyrir leiðsögumenn vegna hreindýraveiða. **Október**.

9. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd og lögum um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum (landtaka skemmtiferðaskipa, breyting landsáætlunar o.fl.).**
   Með frumvarpinu er lagt til að takmarka með almennum hætti alla landtöku skemmtiferðaskipa á friðlýstum svæðum í umsjón ríkisins nema slíkt sé sérstaklega heimilað. Með frumvarpinu verður einnig lögð til einföldun á umsýslu landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum og lagt til að lögin verði felld niður en sett ákvæði í lög um náttúruvernd sem skilgreina mótun stefnu, gerð tillagna og eftirfylgni vegna slíkrar uppbyggingar. Með frumvarpinu eru einnig lagðar til breytingar sem snúa að sérstakri vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja í hafi sbr. 61. gr. **Október.**

10. **Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003 (hagkvæmari uppbygging raforkukerfisins og sjálfstæði Raforkueftirlitsins).**
    Með frumvarpinu verða lagðar til breytingar vegna ábendinga frá Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) í tengslum við verkefni Raforkueftirlits Umhverfis- og orkustofnunar. Um er að ræða ábendingar ESA vegna sérstakra verkefna Raforkueftirlitsins eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2009/72/EB frá 13. júlí 2009 um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. Þörf er á að fjarlægja úr raforkulögum ítarlegar reglur um þætti sem falla undir verksvið sjálfstæðs Raforkueftirlits en mæla í staðinn fyrir um almenna stefnumörkun sem Raforkueftirlitinu ber að taka mið af. Frumvarpið mun jafnframt taka til þess hvernig slík almenn stefnumörkun getur haft áhrif á tengigjöld, kerfisframlög og aðra gjaldtöku vegna tenginga nýrra orkukosta. *Innleiðing*. **Október.**

11. **Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flýtingar uppbyggingar raforkuinnviða, einföldunar leyfisferla og annarra úrbóta.**
    Frumvarpið miðar að því að fylgja eftir fyrri lagabreytingum um einföldun stjórnsýslu í umhverfis- og orkumálum. Lögð er áhersla á að stytta afgreiðslutíma, auka fyrirsjáanleika og draga úr óþarfa stjórnsýslubyrði, án þess að gefið sé eftir í kröfum um vandaða málsmeðferð, náttúruvernd og gagnsæi. Með frumvarpinu verður byggt á vinnu sem þegar hefur farið fram við einföldun leyfisferla. Lögð verður áhersla á einn viðkomustað fyrir umsækjendur, skýrari tímafresti sem og samþættingu leyfa og umsagna. Sérstök áhersla verður lögð á skýrari reglur um aðgang að landi vegna rannsókna, undirbúnings og framkvæmda, sem og um samspil samningaviðræðna, eignarnáms og umráðatöku. Í því sambandi verður horft til þess að tryggja fullnægjandi vernd eignarréttar, meðal annars með kröfum um málefnalegan undirbúning, valkostagreiningu, raunhæfar samningaviðræður, skýra tilkynningu til landeigenda og annarra rétthafa og fullar bætur þar sem réttindi eru skert. Einnig þarf að gera ýmsar minniháttar breytingar á raforkulögum vegna ábendinga sem borist hafa eða atriða þar sem ráðuneytið hefur orðið þess áskynja að lögin þarfnast lagfæringa. Meðal þess sem þarfnast endurbóta er heimild til að mæla fyrir um söluaðila til þrautavara, ákvæði um heimild til samþykktar á sérstakri dreifbýlisgjaldskrá og lagaheimild fyrir flutningsfyrirtækið til að krefjast bakgrunnsathugunar til að fá aðgang að viðkvæmum gögnum eða svæðum. **Nóvember.**

12. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, nr. 96/2023 (ýmsar breytingar).**
Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, nr. 96/2023, í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra. Breytingarnar sem lagðar verða til munu að mestu byggjast á ábendingum sem borist hafa frá Umhverfis- og orkustofnun en einnig verður um að ræða atriði þar sem ráðuneytið hefur orðið þess áskynja að lögin þarfnist lagfæringa, t.d. ákvæði er varðar skráningarkerfið og ákvæði er varðar Corsia-kerfið. **Janúar.**

13. **Frumvarp til laga um orkunýtni.**
Markmið frumvarpsins er að innleiða tilskipanir ESB um orkunýtni sem teknar voru upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2025 um upptöku tilskipana 2012/27/ESB og 2018/2002 í EES-samninginn. Með frumvarpinu verður m.a. lögfest skylda stærri fyrirtækja til að framkvæma reglulegar orkuúttektir til að kortleggja orkusparnaðarmöguleika. Lögfesta þarf nýtt landsbundið markmið um 25% bætta orkunýtni fyrir 2030, ásamt bindandi kröfu um 0,24% árlegan orkusparnað. Jafnframt verður kveðið á um hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit og vöktun málaflokksins. Tekið er mið af sérstöðu íslenska orkukerfisins, þar með talið hlutfalli endurnýjanlegrar orku og orkufreks iðnaðar, og sérstakar undanþágur gerðar að því er varðar kröfur til jarðvarmanýtingar. *Innleiðing.* **Janúar.**

14. **Frumvarp til laga um stjórn vatnamála.**
Frumvarpið felur í sér endurskoðun tiltekinna þátta laga um stjórn vatnamála, nr. 36/2011, sem innleiddu vatnatilskipun ESB. Um er að ræða umhverfismarkmið laganna, undanþáguheimild vegna breytingar vatnshlots, stjórnsýslu vatnamála, tiltekna þætti í tengslum við vatnaáætlun og tengsl laganna og skipulagsáætlana og annarra áætlana stjórnvalda o.fl. Framkvæmdin hefur leitt í ljós að skýra þurfi nánar tiltekin ákvæði laganna, m.a. með hliðsjón af inntaki vatnatilskipunar og dómum Evrópudómstólsins. Frumvarpið miðar að því að tryggja langtímavernd vatnsauðlindarinnar með heildstæðum hætti og í því tilliti verði bæði horft til verndar og nýtingar auðlindar-innar. Frumvarpinu er ætlað að endurspegla sem best kjarna vatnatilskipunar og jafnframt að það mæli fyrir um skilvirka og gagnsæja stjórnsýslu og framkvæmd og samhæft samstarf stjórnvalda á sviði vatnamála. Frumvarpinu er ætlað að tryggja lágmarkskröfur sem vatnatilskipunin kveður á um en því er ekki ætlað að ganga lengra en kröfur mæla fyrir um. **Febrúar.**

15. **Frumvarp til laga um raforkuöryggi.**
Frumvarpið miðar að því að fylgja eftir fyrri lagabreytingum um styrkingu raforkuöryggis á Íslandi til að tryggja að heimili og smærri fyrirtæki hafi öruggan aðgang að raforku. Í ljósi vaxandi eftirspurnar og minnkandi svigrúms í raforkukerfinu er nauðsynlegt að efla lagaumgjörðina. Frumvarpið felur í sér heimildir til að bregðast við orkuskorti með sveigjanlegum hætti og skýrir skyldur aðila á raforkumarkaði til að stuðla að stöðugu framboði. Tillögurnar byggja á EES-skuldbindingum og samráði við hagsmunaaðila, og taka mið af alþjóðlegri ráðgjöf um bestu leiðir til að vernda almenna neytendur. **Febrúar.**

16. **Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.**
Lögð verður fram þingsályktunartillaga í samræmi við 39. gr. a raforkulaga, nr. 65/2003, þar sem segir að ráðherra skuli á fjögurra ára fresti leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Tillaga að endurskoðaðri stefnu mun að miklu leyti halda samhljómi við gildandi stefnu en með nokkrum áherslubreytingum. Meðal breytinga er aukin áhersla á markmið frekar en aðferðir, aukin áhersla á frumkvæði flutningsfyrirtækisins og tengingu landshluta með styrkingu meginflutningskerfis. **September.**

17. **Tillaga til þingsályktunar um orkuöflunaráætlun fyrir árin 2028-2052.**
Lögð verður fram þingsályktunartillaga um stefnu stjórnvalda um orkuöflun til næstu tuttugu og fimm ára eins og mælt er fyrir um í 39. gr. b raforkulaga eins og þeim var breytt með lögum nr. 17/2026. Stefnan mun fela í sér skýr, töluleg og mælanleg markmið til næstu tuttugu og fimm ára. Stefnan tekur mið af annarri stefnumótun stjórnvalda, svo sem á sviði atvinnuuppbyggingar,

byggðaþróunar, orkuskipta og skuldbindinga í loftslagsmálum. Með framlagningu hennar er stefnt að því að auka fyrirsjáanleika um framboð orku, stuðla að orkuöryggi og tryggja skýrt samspil við flokkun virkjunarkosta í verndar- og orkunýtingaráætlun. **Janúar.**

18. **Tillaga til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun.**
Lögð verður fram tillaga til þingsályktunar í samræmi við 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2011, um flokkun virkjunarhugmynda. **Janúar.**

UTANRÍKISRÁÐHERRA

1. **Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 (bókun 35).**
   Með frumvarpinu er ætlunin að gera nauðsynlegar breytingar til þess að bæta innleiðingu bókunar 35 við EES samninginn og tryggja fulla virkni hans hér á landi í þágu einstaklinga og lögaðila. *Endurflutt*. **September**.

2. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) sem fellir inn í EES-samninginn reglugerð (ESB) 2023/956 og reglugerð (ESB) 2025/2083.**
   Reglugerð (ESB) 2023/956 um aðlögunarkerfi við landamæri vegna kolefnis (CBAM). Reglugerð (ESB) 2025/2083 um breytingu á reglugerð (ESB) 2023/956 að því er varðar að einfalda og styrkja aðlögunarkerfið við landamæri vegna kolefnis. Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. **September.**

3. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2025 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) og nr. 226/2026 um breytingu á bókun 26 (um valdsvið og störf Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar) við EES-samninginn og bókun 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.**
   Ákvörðun nr. 174/2025: Tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB, og tilskipun (ESB) 2018/2002 um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni. Ákvörðun nr. 226/2026: Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 734/2013 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 659/1999 um ítarlegar reglur um beitingu 93. gr. EB-sáttmálans og reglugerð ráðsins (ESB) 2015/1589 um ítarlegar reglur um beitingu 108. gr. sáttmálans um starfhætti Evrópusambandsins. Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. **September.**

4. **Tillaga til þingsályktunar um staðfestingu ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2025 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur), nr. 243/2025, nr. 303/2025, nr. 304/2025, nr. 305/2025, nr. 88/2026, og nr. 90/2026 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn.**
   Ákvörðun nr. 85/2025: Tilskipun (ESB) 2019/2121 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/1132 að því er varðar breytingar, samruna og skiptingar yfir landamæri. Ákvörðun nr. 243/2025: Reglugerð (ESB) 2023/2631 um evrópsk græn skuldabréf og valkvæða skýrslugjöf um skuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær og sjálfbærnitengd skuldabréf. Ákvörðun nr. 303/2025: Reglugerð (ESB) 2023/2859 um að koma á einum evrópskum aðgangsstað sem veitir miðlægan aðgang að opinberum upplýsingum sem skipta máli fyrir fjármálaþjónustur, fjármagnsmarkaði og sjálfbærni. Ákvörðun nr. 304/2025: Tilskipun (ESB) 2023/2864 um breytingu á ákveðnum tilskipunum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar. Ákvörðun nr. 305/2025: Reglugerð (ESB) 2023/2869 um breytingu á ákveðnum reglugerðum að því er varðar stofnun og starfshætti eins evrópsks aðgangsstaðar. Ákvörðun nr. 88/2026: Reglugerð (ESB) 2019/2175, reglugerð (ESB) 2019/2176 og tilskipun (ESB) 2019/2177 um breytingar á evrópska fjármálaeftirlitskerfinu. Ákvörðun nr. 90/2026: Tilskipun (ESB) 2024/1619 um breytingu á tilskipun 2013/36/ESB að því er varðar eftirlitsheimildir, viðurlög, útibú frá þriðju ríkjum og umhverfis-, félags- og stjórnarháttaráhættu. Aflétting stjórnskipulegs fyrirvara. **Október.**

5. **Skýrsla utanríkisráðherra um framkvæmd EES-samningsins.**
   Árleg skýrsla til Alþingis skv. 9. gr. reglna Alþingis um þinglega meðferð EES-mála. **Október**.

6. **Skýrsla utanríkisráðherra um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands.**
   Gerð verður grein fyrir framkvæmd stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2024-2028, þar á meðal aðgerðaáætlun 2024-2025 ásamt framlagningu aðgerðaáætlunar 2026-2028. **Nóvember.**

7. **Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.**
   Árleg skýrsla til Alþingis. **Febrúar**.